

Klám er einfaldlega óhollt

Thomas Brorsen Smidt er MA-nemi í kynjafræði í HÍ og hélt nýverið fyrirlestur á málþingi í Háskóla Íslands sem fjallaði um menningu og gagnkynhneigt klám. **Anna Margrét Björnsson** ræddi við hann um hvernig áhrif klám hefur á karlmenn og hugmynd þeirra um konur og hvers vegna klám er afgreitt sem eðlilegur hluti af okkar nútímasamfélagi.

Thomas Brorsen Smidt er danskur MA-nemi í kynjafræði sem hefur búið á Íslandi undanfarin tvö ár. Spurður um hvers vegna ungur maður hafi hella út í stúdíu á áhrifum kláms á karlmenn segir hann viðfangsefnið stanslaust vera fyrir framan okkur. „Þegar maður byrjar í kynjafræði setur maður upp ný gleraugu og fer að sjá hluti sem maður tók ekki eftir áður. Ég hef búið í Danmörku meirihluta ævi minnar og almenna viðhorfið þar líkt og á mörgum öðrum stöðum er: „Karlmenn horfa á klám, það er bara staðreynd. Konur verða annaðhvort að spila með eða þegja.“ Þegar ég flutti til Íslands fann ég fyrir breiðari femíniskri umræðu hér en í Danmörku, mér fannst eins og það væru minni fordómar gagnvart þessum hlutum hér. En þrátt fyrir það er hugsunarhátturinn hjá mörgum á Íslandi eins og annars staðar, þannig að ef maður fer að ræða femínisma eða klám fær maður á sig stimpil sem púritani, móralisti eða femínasisti.“

Klám verður stöðugt grófara

Fyrsta spurningin til Thomasar er hin augljósa spurning: „Hvað er klám?“ Thomas segir slíka spurningu slæma aðferð til að hefja umræður á málefnum. „Ég vil að fólk skilji að femínistar eru hvorki á móti nekt né kynlífi. Mér finnst fátt dásamlega en kynlíf. En klám er ekki, eins og margir vilja meina, einungis kynlíf fest á filmu. Ef merkingunni á enska orðinu „Pornography“ er flett upp má sjá að það kemur úr forn-grísku þar sem orðið „porn“ merkti lægstu mögulegu gerð af vændiskonu. Eins er með klám, það er lægsta form kynlífs sem er fest á filmu, þegar líkami konu er gersamlega hlutgerður. Maðurinn ræður öllu og konan er algerlega undirgefin. Ég hvet karlmenn til að horfa á klám án þess að nota það til sjálfsfróunar og athuga hvað þeim finnst um það sem ber fyrir augu. Þeir sjá þá oftast að klám er ekkert nema ofbeldi sem er búið að matreiða á kynferðislegan hátt. Karlmenn tala oft um að viðbrögð þeirra við klámi séu þeim eðlislæg, eins og þau séu afleiðing milljóna ára þróunar.“ Thomas segir þess konar staðhæfingar á síðustu árum hafa verið hraktar. „Ef þetta væri satt yrði klám ekki í sífellu grófara. Það hefur verið sýnt með rannsóknum að mannsheilinn hefur gífurlega aðlögunarhæfni. Í fjölda ára trúðum við því að heilinn væri stöðugur og óbreytanlegur. Nýjar rannsóknir í taugavísindum sýna að heilinn hefur miklu meiri aðlögunarhæfni en við höldum áður. Umhverfi okkar fær heilann til að aðlagast nýjum kringumstæðum. Þegar fólk byrjar að horfa á klám þá lagast heilinn mjög fljótlega að ákveðnu stigi örvunar. Því meira klám sem manneskja horfir á þeim mun meiri grófleika þarf hún á að halda til þess að ná sömu örvun. Það sem gerist svo í einkalífinu er að manneskjur eiga erfiðara og erfiðara með að láta örvast af sínum raunverulega maka og raunverulegu kynlífi.“

Klám minnkar löngun í raunverulegt kynlíf

Thomas vill þó forðast að nota orðið „fíkn“ um klám þar sem klám sé ekki efni líkt og áfengi eða kókaín. „Við verðum að hafa í huga að fólk verður að hafa einhvers konar ástandsmyndun sem veldur fíkninni. Sem dæmi, ef við eigum einhverjar minningar tengdar klámi í æsku þegar Freud segir kynhvöt okkar meðtækilega fyrir breytingum er líklegra að þú getir orðið klámfíkninni að bráð. Það eru alls ekki allir karlmenn sem nota klám sem verður heilinn á þér eins og hann var áður en þú byrjaðir, þó það gæti vissulega tekið langan tíma að jafna sig. Líkt og á við um lungu stórreykingafólks.“

En hvað með konur og klám? „Ég hef litla trú á könnunum um aukna klámneyslu kvenna sem oftast en ekki eru gerðar af einhverjum aðilum tengdum klámiðnaðinum. Ef konur eru virkilega að neyta meira kláms þá eru það oftast konur sem eru í sambandi við karlmenn sem horfa á klám. Þegar karlmaðurinn hækkar þröskuld sinn fyrir klámi þá minnkar löngun hans til eigin maka og þá reynir hann oft að fá hana til að horfa á klám til þess að hún fari



THOMAS SMIDT „Ég hvet karlmenn til að horfa á klám án þess að nota það til sjálfsfróunar og athuga hvað þeim finnst þá um það sem ber fyrir augu.“

SJÓNVARPSPÆTTIR SEGJA OKKUR MARGT

Friends „Friends er holdgerving „mainstream“ sjónvarpsþáttar,“ segir Thomas. „Í þáttaröðinni eru tveir þættir sem fjalla alfarið um klámnotkun karlmanna. Einn þátturinn fjallar til dæmis um þegar Joey og Chandler uppgötva að þeir eru óvart með ókypis klámstöð í fjölvarpinu heima og að þeir verði að hafa kveikt á stöðinni allan tímann svo að hún hverfi ekki. Þátturinn snýst í meginatriðum um það að allir karlmenn neyti kláms. Seinna dæmið er þáttur þar sem Monica stendur Chandler að því að fróa sér yfir klámi en á síðustu mínútu tekst honum að skipta yfir á rásina Animal Planet. Í kjölfarið heldur hún að þetta sé það sem komi honum til og ætlar að vera „svala“ kærastan og leika með.“



Sex and The City „Þáttur þar sem konur nota líkama sinn til að ná í það sem þær vilja. Sniðugir og vel skrifaðir þættir, en horfið aðeins betur á þetta. Hvað eru þessir þættir að segja um konur og þarfir þeirra? Að konur vilji eiga þúsund skópör? Eiga konur að vera flottar og valdamiklar í vinnuvíkunni, og um helgar snýst líf þeirra um að ná sér í karlmenn í bólið? Er þetta ekki nákvæmlega svona sem karlmenn vilja hafa konur?“

að framkvæma það sem er sýnt þar. Flestir karlmenn viðurkenna að þeir reyni hægt og rólega að fá kærastur sínar til þess að horfa á klám en þeir viðurkenna þó líka að þeir myndu aldrei leyfa þeim að horfa á grófasta klámið sem þeir neyta í laumi.“

Thomas segir að klám sé orðið svo algengt í nútímasamfélagi að við séum næstum hætt að taka eftir því. „Í fyrirlestri mínum í HÍ varð ég að nota mjög sterk dæmi úr auglýsingum til þess að koma skilaboðum mínum á framfæri. En ef þú flettir hvaða tiskutímari sem er þá gæti ég fundið fjölmörg dæmi um augljósar klámtilvísanir og eins er með

flesta sjónvarpsþætti.“

Forræðishyggjan er ekki lausnin

„Að banna klám á alls ekki að vera hluti af þessari umræðu,“ útskýrir Thomas. „Við erum með lög hér á landi sem banna klám og augljóslega eru þau lög ekki að virka. Lögin geta hugsanlega komið í veg fyrir að alsvæsnasta klámið komi fyrir sjónir almennings, en ritskoðun þeirra kemur hins vegar ekki í veg fyrir að karlmenn skoði efnið á netinu eða að tiltekna búðir í Reykjavík selji klámefni þar sem líkt er eftir barnaklámi. Ég held að margir fem-

ínistar skilji að slík bönn gangi aldrei upp. Það sem við þurfum að greina er hvers vegna klám er samþykkt sem eðlilegur hluti samfélagsins. Þeir sem eru fylgjandi klámi byrja oftast á því að tala um forræðishyggju og hversu slæm hún er. Þeir vilja hins vegar ekki tala um innihald kláms vegna þess að ef þeir geta einblínt á forræðishyggjuna þá þurfa þeir ekki að svara þeim spurningum sem ég varpa fram. Sjálfur er ég á móti forræðishyggju og banni á klámi vegna þess að ég veit að það er aðferð sem virkar ekki. En þegar karlmenn byrja að tala um forræðishyggju þá spyr ég á móti: „Af hverju getur þú ekki svarað spurningu minni um hvernig þér finnst klám sýna konur? Ég er að segja þér að klám sýni konur sem ógeðfæld og ómennsk kynlífsleikföng. Ég spyr þig, sem horfir á þetta með reglulegu millibili, hvers vegna finnst þér það allt í lagi?“

Aðspurður hvað sé þá til ráða ef bann á klámi er ekki svarið segir Thomas að það eitt að vera meðvitund um vandamálið sé ekki nóg heldur. „Það eina sem virkar er að segja fólki hreint út að þetta sé skaðlegt. Margir karlmenn eru meðvitaðir um að klám sé lítilsvirðandi fyrir konur og hafi áhrif á hvernig þeir hugsi um konur. Þeim er bara alveg sama. Mér finnst það ógnvænlegt.“

Hvað gerist í heilanum þegar við neytum kláms?

„Karlmenn svara gjarnan: „Klám er bara iðnaður eða klám hefur engan áhrif á mig,“ útskýrir Thomas. „Vísindalegar rannsóknir sýna hins vegar að það er ekki satt. Þegar við horfum á klám gerast þeir hlutir. Í fyrsta lagi verður dópamínflæði í heilann en það er mjög öflugt efni sem leysist úr læðingi til dæmis þegar við erum ástfangin eða vinnum í keppni. Klám veitir karlmönnum þessa tilfinningu án þess að þeir þurfi að hafa fyrir því að reyna við stúlku eða vera með kærastunni. Í öðru lagi hreyfir það við taugaendum í heilanum sem láta þig venjast ákveðnu magni af opinskáu kynferðislegu efni þannig að í næsta skipti sem þú sækir í klám þá þarf það að vera jafn gróft eða grófara. Í þriðja lagi þá færðu kynferðislega útrás, fullnægingu í gegnum sjálfsfróun. Dópamínflæðið í kjölfarið fullnægingar er leið náttúrunnar til þess að tengja okkur við maka okkar. Þegar karlmaður frjóvgar konu hjálpar þessi tilfinning honum að tengjast konunni á dýpri hátt, hann tengir jákvæðar tilfinningar við konuna. Þegar þú gerir slíkt hið sama með klámi þá fer athygli karlmannsins frá makanum og yfir í eitthvað allt annað.“

Kynjafræði ætti að kenna í grunnskólum

En hvað er hægt að gera til þess að fræða yngri kynslóðir um hættur sem fylgja klámi? „Ég vildi að ég hefði svar við þessari spurningu. Ég held að fyrsta skrefið sé að hætta að hugsa um forræðishyggju og reyna frekar að huga að því hvers vegna þetta er samþykkt af samfélaginu. Svo er hægt að gera yngri kynslóðir meðvitaðar um þessi mál og þá myndi ég mæla með því að kenna kynjafræði í grunnskólum. Við verðum líka að vera duglegri að fræða ungar stúlkur um þessi mál, vegna þess að sumar konur ýta í reynd undir vandamálið. Margar konur vinna gegn jafnrétti með hegðun sinni þegar þær ættu að vera fyrirmyndir ungra stúlkna. Þær spila með í klámvæðingunni sem afleiðing af því sem við köllum „póstmínisma“, hugmyndina um að femínismi hafi eitt sinn verið til og verið frábær til síns brúks þegar við þurftum á honum að halda en sé óþarfi í dag. Ungar stúlkur sem gangast upp í klámvæðingunni og bera sig í tónlistarmyndböndum eða tímaritum halda yfirleitt að þær öðlist einhver völd með því að taka sjálfviljugar þátt í kynferðislega niðurlægjandi athöfnunum að kröfu karlmanna. En það er mikill misskilningur.“ Thomas viðurkennir að það sé ekkert alltaf auðvelt að vera ungur karlmaður með slíkar skoðanir. „Margir karlmenn vilja ekki ræða um þessi mál. Ég hef verið kallaður alls kyns nöfnum: púritani, forræðishyggjuþingi og hommi,“ segir hann og brosir við. „Ég var frekar sérstakur sem krakki og var oft strítt fyrir vikið og þegar ég komst á unglingsárin ákvað ég að það væri einfaldast að sigla með straumnum og vera eins og allir aðrir. Ég hef síðar séð að það er allt í lagi að hugsa ekki eins og flestir. Mér finnst að við ættum að hvetja unga krakka til þess að hugsa sem einstaklingar og segja þeim að það sé bara heilbriggt.“